

Ákvæði og skýringar með töflum II og III.

- a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu eða stig, stytstu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (1760 + 13 \times \text{kVA})$ kr.m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana $Y_j = (488 + 9 \times \text{kVA})$ kr.m. að viðbættum kr. 14 813 á hvern stólpa í umfram-línu.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð.
- d. Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnaði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnaðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnaðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í framangreindum verðum þessarar gjaldskrár, nema á D liðum (hitun) sem eru undanþegnir þessum gjöldum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. júní 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 383 10. ágúst 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1976.

F. h. r.

Arni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

30. júlí 1976.

Nr. 295.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.****I. GJALDSKRÁRLIÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Fast gjald	kr.	F1
Orkugjald	—	55.40 á kWst.
1.2. Fast gjald	—	F1+F2
Orkugjald	—	30.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1. Fast gjald	kr.	F1+F3
Orkugjald	—	14.40 á kWst.

Markmæling:

2.3. Aflgjald, lágmarksstilling 4W	—	75 631.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	—	10 241.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	1.80 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	14.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1. Fast gjald	kr.	F1+F2
Lágmarksgjald	—	58×F1 á ári
Orkugjald	—	30.00 á kWst.
3.2. Aflgjald, lágmark 3 kW	—	55 566.00 á ári
Aflgjald, umfram 3 kW	—	14 987.00 á kW á ári
Fast gjald	—	F1+F3
Orkugjald	—	5.54 á kWst.
3.4. Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október		
Aflgjald	—	5 588.00 á kW á ári
Fast gjald	—	F1
Orkugjald	—	2.40 á kWst.

4. Húshitun.

4.1. Fast gjald	kr.	F1+F4
Orkugjald	—	6.72 á kWst.
Roftími allt að 1 klst á dag.		
4.2. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
Orkugjald	—	2.86 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		

Markmæling:

4.3. Fast gjald	—	F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	21 600.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafstillingu 20 kW	—	4 320.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	1.69 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	14.40 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
4.4. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
Orkugjald	—	1.48 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1. Fast gjald	kr.	F1
Fyrir hvert götuljósker	—	6×F1 á ári
Orkugjald	—	6.90 á kWst.
5.2. Fast gjald	—	F1
Orkugjald	—	14.65 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduroppnun á veitu vegna vanskila eru samtals	kr.	2 670.00
fyrir hvert skipti.		

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1	kr.	432.00	á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	16.00	á m ² á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	8.00	á m ² á mán.
F3	—	170.40	á gjaldeiningu á mánuði
Gjaldeiningar eru:				
a)	Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálf, en 25 ferm. eða stærra tvö.			
b)	Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.			
c)	Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.			
d)	Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.			
F4	Hvert uppsett kW	—	792.00 á ári

2. Mestaafismæling.

1. Afismæling miðast við 15 mín. meðalalag.
2. Gjaldskrárlíður 3.2.

Gjaldskilytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskilytt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir herra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 17.94 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlíð 4.1., 1.7 aura á líð 4.2., 1.5 aura á líð 4.3. og 0.9 aura á líð 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlíð 2.3. lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á diselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.